



LITLI SÁMUR

FRÉTTABRÉF HUNDARÆKTARFÉLAG ÍSLANDS
3. tbl. – mars 2017

Stærsta sýning í sögu félagsins!

Helgina 3.-5. mars fer fram fyrsta sýning ársins sem er að þessu sinni Norðurljósasýning. Sýningin skiptist í tvo hluta. Hvolpasýningu á föstudagskvöldinu og alþjóðlega sýningu sem stendur yfir laugardag og sunnudag. Að þessu sinni verða 215 hvolpar sýndir ásamt 660 hundum sem gerir allt í allt 875 hunda. Sýningin verður haldin í reiðhöll Fáks í Víðidal og verða fimm dómarar frá fjórum löndum sem munu mæta og dæma alla helgina. Hægt er að nálgast dagskrá á hrfi.is.

Hvolpasýning HRFÍ og Royal Canin verður haldin föstudagskvöldið 3. mars og hefst kl. 18:00. Dómarar munu velja bestu hvolpa tegundar sem koma seinna um kvöldið og keppa til úrslita í tveimur aldursflokkum, 3-6 mánaða og 6-9 mánaða, um bestu hvolpa sýningar. **Samtals eru**

215 hvolpar skráðir af 41 tegund svo margt verður um manninn og mikil stemning.



HVOLPASÝNING 215 hvolpar af 41 hundategund á aldrinum 3-9 mánaða.
FÖSTUDAGINN 3. MARS KL. 18:00 - REIÐHÖLLINNI Í VÍÐIDAL
UNGIR SÝNENDUR 32 UNGMENNI á aldrinum 10-17 ára.
ADGANGUR ÓKEYPIS Dagskrá sýningar má finna á www.hrfi.is

Keppni ungra sýnenda fer einnig fram föstudagskvöldið 3. mars, en sú keppni hefst kl. 17:00. **Samtals eru 32 ungmenni skráð til leiks**, þar af 10 ungmenni í yngri flokki, 10-12 ára og 22 ungmenni í eldri flokki, 13-17 ára. Dómari að þessu sinni verður Daníel Örn Hinriksson frá Íslandi. Keppt er í ungum sýnendum á hundasýningum um allan heim. Í ungum sýnendum dæmir dómariinn

sýnandann, þ.e. hvernig hundurinn er sýndur, hvernig honum er stillt upp, hvernig hann er hreyfður, hvernig sambandið er milli sýnanda og hunds, hvort sýnandinn þekki tegund hundsins o.s.frv.

Alþjóðleg sýning HRFÍ fer fram helgina 4.-5. mars og hefjast dómar báða dagana kl. 9:00.

Frábær skráning er á sýninguna en 660 hundar af 94 tegundum mæta til leiks, og mun stemningin verða eftir því. Þessi sýning markar upphaf sýningarársins 2017 og verður spennandi að sjá hvaða hundar munu skara



ALÞJÓÐLEG HUNDASÝNING
HELGINA 4.-5. MARS
KL. 9:00 - 16:00 - REIÐHÖLLINNI Í VÍÐIDAL
660 hundar af 89 tegundum.
5 dómarar frá 4 löndum.
MIÐAVERÐ: 700 kr.
Fritt fyrir börn 12 ára og yngri í fylgd með fullorðnum.
Öryrkjar og ellilífeyrisþegar: Fritt.
Dagskrá sýningar má finna á www.hrfi.is

fram úr að mati dómara. Dómarar munu velja bestu fulltrúa hverjar tegundar en þeir munu svo keppa um besta hund sýningar á sunnudeginum. Sýningin mun hefjast kl. 9:00 báða daga og munu dómar standa fram eftir degi alla helgina.



Augnskoðun félagsins fer fram helgina 4.-5. mars. Að þessu sinni verða rúmlega 170 hundar skoðaðir af dýralækninum Jens Kai Knudsen en skoðunin fer fram í reiðhöll Fáks í Víðidal. Skoðunin stendur frá kl. 9-16:30. Við biðjum þá sem eiga pantaða tíma að mæta tímanlega til að skoðunin gangi sem best.

Skrifstofan verður lokuð mánudaginn **6. mars**, föstudaginn **10. mars** og mánudaginn **13. mars**. Ef félagsmönnum vantar að skila pappírur er hægt að ýta þeim undir hurðina og senda okkur tölvupóst varðandi það á hrfi@hrfi.is.

Frá deildum HRFÍ

Frá Írsk setterdeild

Ársfundur deildarinnar verður haldinn á Leirum 21. mars n.k. kl. 20:00.

Dagskrá:

Skýrsla stjórnar

Kosning 3ja stjórnarmanna

Önnur mál

Atkvæðisrétt hafa skuldlausir Írsk setterdeildar félagar HRFÍ.

Frá Cavalierdeild

Þann 9. febrúar síðastliðinn stóð **stjórn Cavalier deildarinnar** fyrir **hjartaskoðunardegi** fyrir Cavaliera í samstarfi við dýralækninn Steinunni Geirsdóttur. Tilgangur skoðunarinnar var að skima fyrir og athuga algengi míturmurrs í stofninum. 36 hundar á aldrinum 2ja - 10 ára mættu í Hafnarfjörðinn til Steinunnar og er ekki hægt að segja annað en útkoman hafi verið glæsileg. Aðeins 2 hundar greindust með míturmurr á byrjunarstigi, annar tæplega 6 ára og hinn tæplega 9 ára, allir hinir voru fríir. Stjórnin stefnir á að hafa annan svona dag síðar á árinu.

Göngunefnd deildarinnar stendur fyrir göngum í hverjum mánuði þar sem Cavalier eigendur hittast og ganga saman í u.þ.b. 1-2 klst. bæði í taumgöngum innan bæjarmarkanna og í lausagöngum fyrir utan þéttbýli. Göngurnar eru alltaf auglýstar á www.cavalier.is og á Facebook síðum deildarinnar Cavalierar HRFÍ, got og aðrir viðburðir og Cavalierdeild HRFÍ. Næsta ganga verður í Grafarvoginum 12. mars kl 11. Komið verður saman við Grafarvogskirkju og gengið saman hringinn í kringum Grafarvog.



Aðalfundur deildarinnar verður haldinn í húsnæði HRFÍ miðvikudaginn 22. mars kl 20:00. Þar fara fram almenn aðalfundarstörf ásamt fræðslufyrirlestri og kaffiveitingum.

Frá Terrierdeild

Laugardaginn 25. mars kl. 14-16 verður opið hús í Gæludýr.is á Korputorgi. Hundaþjálfarar frá Hundaakademíunni koma og veita ráðgjöf og létt spjall.

Boðið verður upp á kaffi og með því fyrir tvífætlinga og eitthvað gott í munninn fyrir fjórfætlinga.

Frá Mjóhundadeild

Það helsta á döfinni hjá Mjóhundadeild er Alþjóðleg hundasýning HRFÍ 4. mars og eru **29 mjóhundar af 5 tegundum** skráðir til leiks undir dómaraum Kitty Sjong frá Danmörku.

Þann **9. mars verður aðalfundur deildarinnar** og heiðrun á stigahæstu hundum 2016, á skrifstofu hundaræktarfélag Íslands að Síðumúla 15 kl. 20:00. Aðalfundurinn verður með hefðbundnu sniði og eru 2 sæti laus til kosningar.



Stjórn deildar vinnur nú hörðum höndum ásamt stjórn Chihuahua deildar að sameiginlegri **deildarsýningu sem haldin er 29. apríl** næstkomandi í Gæludýrum Korputorgi, dómari sýningar er Magnus Hagsted og er skráningarfrestur til 7. apríl á skrifstofu HRFÍ s: 588-5255.

Mjóhundadeild hvetur alla til að skrá þar sem Magnus er sérfræðingur í mjóhundategundum. Deildin mun standa fyrir sýningarþjálfun fyrir deildarsýninguna , nánar auglýst síðar.

Frá Smáhundadeild

Ársfundur Smáhundadeildar verður 20. mars kl. 20 á skrifstofu HRFÍ.

Frá Deild íslenska fjárhundsins

Ársfundur Deildar íslenska fjárhundsins var haldinn fimmtudaginn 9. febrúar. Kosið var um tvö sæti í stjórn og var Stefanía Sigurðardóttir kjörin og Sunna Líf Hafþórsdóttir endurkjörin í stjórn, en Linda Björk Jónsdóttir gaf ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu. Hægt verður að nálgast skýrslu stjórnar á heimasíðu deildarinnar, dif.is.

Frá Retrieverdeild

Ársfundur Retrieverdeildar verður haldinn í Síðumúla 15 miðvikudaginn 15 mars n.k. kl.20.00. Þrjú sæti eru laus í stjórn þar sem Heiðar Sveinsson, Þórhallur Atlason og Sigrún Guðlaugardóttir hafa setið í þau 2 ár sem þau voru kosin til, endurkjör er heimilt en Heiðar gefur ekki kost á sér aftur.

Skýrsla stjórnar verður birt á síðunni fyrir fund.

Að venju verður farið yfir skýrslu stjórnar og starfið síðasta ár, eins verður starfið í ár rætt og skipað í nefndir.

Við munum minna á fundinn þegar nær dregur og hlökkum til að sjá sem flesta.

Stjórn Retrieverdeilar.